



Skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins 1932 - 1969

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins: 1932, 1936, 1961, 1965 og
1969

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-40, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

REGLUR

um

skipulag Sjálfstæðisflokksins

Settar af Miðstjórn flokksins í des. 1932, með
hliðsjón af ályktunum landsfundar 1932.

Prentað sem handrit.

REYKJAVÍK — 1932 — FÉLAGSPRENTSMÍÐJAN

I. Um miðstjórn.

1. gr. Miðstjórn flokksins skal kosin til eins árs í senn og eiga sæti í Reykjavík. Tala stjórnarnefndarmanna er eigi fast ákveðin, þó skulu þeir aldrei vera færri en fimm og ekki fleiri en níu.

Stjórnarnefndarmenn eru svo kosnir, að landsfundur Sjálfstæðismanna kýs þrjá þeirra, Samband ungra Sjálfstæðismanna einn, en þingflokkur Sjálfstæðisflokksins bætir við þá tölu skv. ofansögðu, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

2. gr. Miðstjórnin hefir skrifstofu í Reykjavík. Kjósendafélög og héraðsnefndir geta smíð sér til þeirrar skrifstofu, eða beint til formanns Miðstjórnarinnar, með erindi sín.

II. Um skipulag í kjördæmum.

3. gr. Í hverju kaupstaðarkjördæmi skal vera félag Sjálfstæðismanna, er standi opið öllum alþingiskjósendum, sem aðhyllast stefnu flokksins, og yngri Sjálfstæðismönnum eftir því sem samþykktir hvers félags ákveða.

Stjórn félagsins stendur í sambandi við Miðstjórn flokksins.

4. gr. Í hverju öðru alþingiskjördæmi skal vera héraðsnefnd, sem stendur í sambandi við Miðstjórn

flokksins. Í héraðsnefnd eiga sæti 2 fulltrúar fyrir Sjálfstæðismenn í hverri kjördeild innan kjördæmisins, hvort sem kjördeildin er hluti úr hreppi, heill hreppur eða kaupstaður.

5. gr. Um kosningu héraðsnefndarmanna fer eins og hér segir:

- a. Þar sem til er félag Sjálfstæðismanna, er tekur yfir heilt kjördæmi, skipar stjórn þess félags héraðsnefndarmenn í fyrsta sinn. Félagið tekur síðan ákvörðun um tilhögun á tilnefningu þeirra eftirléiðis. Hafi félagið enga ákvörðun gert um þetta, skulu héraðsnefndarmenn sjálfir gangast fyrir árlegri tilnefningu samkvæmt niðurlagsákvæði c. liðar.
 - b. Þar sem til er félag Sjálfstæðismanna, er tekur yfir eina kjördeild eða einn hrepp eða einn kaupstað innan kjördæmis, og stendur opið öllum alþingiskjósendum á því svæði, sem fylgja stefnu flokksins, framkvæmir félagið kosningu héraðsnefndarmanna fyrir félagssvæðið, á þann hátt sem félagið sjálft ákveður.
 - c. Í þeim kjördæmum og hreppum, þar sem ekki er til félagsskapur samkv. lið 1. eða 2., skipar miðstjórnin héraðsnefndarmenn í fyrsta sinni, meðan þetta skipulag er að komast í kring, en síðar gangast þeir fyrir því, að kjósendur þeir í kjördeildinni eða hreppnum, sem styðja Sjálfstæðisflokkinn, tilnefni árlega héraðsnefndarmennina.
6. gr. Stjórn héraðsnefndar skal skipuð þrem mönnum, og er einn þeirra formaður, en að öðru leyti skiftir stjórnin með sér verkum.

Þar sem til er félag Sjálfstæðismanna, er tekur yfir heilt kjördæmi, er stjórn félagsins jafnframt stjórn héraðsnefndar, og fer þá um kosningu hennar eftir því sem samþykktir félagsins ákveða. Í öðrum kjördæmum kys héraðsnefndin sér sjálf stjórn, en miðstjórnin skipar formann til þess að gegna störfum þar til nefndin hefir komið saman á fund og sjálf kosið formann.

III. Um störf kjördæmafélaga og héraðsnefnda.

7. gr. Formaður skal kalla héraðsnefnd saman til fundar að minnsta kosti einu sinni á ári.

8. gr. Stjórnir kjördæmafélaga og héraðsnefnda skulu afla þeirra upplýsinga, er Miðstjórnin óskar að fá úr kjördæminu. Þær skulu og koma erindum Miðstjórnarinnar áleiðis til héraðsnefndarmanna, þegar þess er óskað. Þær afgreiða flokksmálefni af félagssvæðinu til Miðstjórnarinnar. Einnig skulu þær sjá um að haldið sé uppi sókn og vörn fyrir flokkinn á landsmálafundum, sem haldnir eru í kjördæminu, og skulu ráðgast um það við Miðstjórnina fyrirfram ef þurfa þykir.

Héraðsnefndarmenn í hverri kjördeild skulu sér-taklega leggja stund á að afla stefnu flokksins fylgis meðal kjósenda í sinni kjördeild. Þeir skulu og hvert sinni, er ný kjörskrá er samin fyrir kjördeildina útvega afrit af henni og merkja það eftir afstöðu hvers kjósenda í landsmálum, svo nákvæmlega sem unnt er. Senda það síðan formanni héraðsnefndar, eða félags, ef til er félag, sem nær yfir allt kjördæm-

ið, en formaður sendir það til miðstjórnar flokksins ef ástæða þykir til.

9. gr. Þegar alþingiskosningar eiga fram að fara, skulu kjördæmafélög eða héraðsnefndir veija fram-
bjóðendur af flokksins hálfu, hver fyrir sitt kjör-
dæmi. Nú þykir stjórn kjördæmisfélags eða héraðs-
nefndar nauðsynlegt að leita aðstoðar miðstjórnar-
innar um útvegum frambjóðanda, og skal það þá
gert í tæka tíð, enda er Miðstjórn þá skylt að láta í
lé aðstoð sína í þessu efni.

10. gr. Við sérhverjar alþingiskosningar skulu
héraðsnefndarmenn gera ráðstafanir til þess að
 tryggja það, að atkvæði þeirra kjósenda í kjördeild-
inni, sem fáanlegir eru til að styðja frambjóðanda
flokksins, komi fram. Geta þeir í þessu skyni kvatt
sér til aðstoðar þá flokksmenn sem þeim þykir þurfa.

11. gr. Stjórnir kjördæmafélaga og héraðsnefnda
annast hver innan síns umdæmis, útvegum fjár þess,
sem þarf til greiðslu óhjákvæmilegs kostnaðar af
starfsemi flokksins innan kjördæmis.

IV. Um kjördæmasambönd.

12. gr. Þar sem ástæða þykir til og staðhættir
leyfa, geta kjósendafélög og héraðsnefndir flokksins
gert með sér sambönd, sem taka yfir nærliggjandi
kjördæmi, til þess að vinna að sameiginlegum áhuga-
málum og flokksmálum á því svæði. Sambandið
ákveður sjálft skipulag sitt og starfstilhögun og kys
sér stjórn. Stjórn Sambandsins skal standa í sam-
bandi við Miðstjórn flokksins annarsvegar og við

stjórnir kjósendafélaga og héraðsnefnda á sam-
bandssvæðinu hinsvegar.

V. Um landsfundi.

13. gr. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins skal
venjulega haldinn ár hvert. Ákveður Miðstjórnin á
hvaða stað og tíma hann skal haldinn og boðar hann.

14. gr. Þegar skipulag það, sem að framan grein-
ir, er komið á um land allt, má ákveða að þeir einir
hafi atkvæðisrétt á landsfundi, sem fengið hafa til
þess umboð frá kjördæmisfélagi eða héraðsnefnd.
Skal þá ákveða hve margir geti fengið slíkt umboð
fyrir hvert kjördæmi, og sú tala miðuð við kjósenda-
tölu flokksins í kjördæminu við næstu alþingiskosn-
ingar á undan.

15. gr. Landsfundur hefir æðsta vald í utanþing-
málefnum flokksins.

Skipun og starfsreglur Sjálfstæðisflokksins

Samþykktar á landsfundi flokksins 1936

Prentað sem handrit



Reykjavík 1936 — Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Skipun og starfsreglur Sjálfstæðisflokksins.

1. gr.

Flokksráð Sjálfstæðisflokksins skal skipað einum manni fyrir hvert einmenniskjördæmi landsins, tveim fyrir tvímenniskjördæmi og sex fyrir Reykjavík, tilnefndum af kjósöndum hlutaðeigandi héraða til fjöggra ára í senn, og fari ný tilnefning fram eftir hverjar reglulegar alþingiskosningar, með þeim hætti, er settar reglur mæla fyrir um (sbr. 5. gr.).

Hafi flokksráðsmaður ekki verið tilnefndur tveim mánuðum eftir alþingiskosningar, skoðast fram-
bjóðandi eða frambjóðendur flokksins í kjördæmi flokksráðsmenn.

Deyi ráðsmaður, eða fari úr flokknum á kjörtímabilinu, skal tilnefna annan í hans stað.

Formann og varaformann kýs flokksráð sér, innan sinna vébanda, og skulu þeir ávalt vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni.

Ef þingmaður er ekki kjörinn flokksráðsmaður, á hann þó sæti í flokksráði, meðan þing situr. Meðlimir miðstjórnar skulu ávalt eiga sæti í flokksráði, þó að þeir séu ekki sérstaklega kjörnir í það.

2. gr.

Flokksráðsfundir skulu að jafnaði haldnir að minnsta kosti hálfsmánaðarlega, meðan alþingi á setu, og skal flokksráðið ræða öll hin stærri þingmál, áður en þau koma til úrslita í þinginu. Ályktanir flokksráðs binda þó ekki atkvæði þingmanna.

Milli þinga boðar formaður flokksráðsfundi, þegar þörf krefur. Skylt skal honum að halda flokksráðsfund þegar 10 flokksráðsmenn, eða fleiri, krefjast. Fundur flokksráðs milli þinga er lögmætur, ef a. m. k. 20 flokksráðsmenn sækja fund.

Ekki má taka ákvörðun um afstöðu flokksins til annara landsmálaflokka, fyr en það mál hefir sætt afgreiðslu flokksráðs.

3. gr.

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins skal skipuð 10 mönnum. Skulu þeir valdir þannig: Formaður flokksráðs og formaður Sambands ungra Sjálfstæðismanna eru sjálfkjörnir; landsfundur kýs 4 og flokksráð 4.

Formaður flokksráðs er formaður miðstjórnar.

Kosning í miðstjórn af hálfu landsfundar skal gilda milli landsfunda. Kosning af hálfu flokksráðs skal fara fram að loknum landsfundi og gilda sama tíma.

Nú hefir landsfundur kosið þann í miðstjórn, sem síðar verður formaður flokksráðs, og skal þá flokksráð nefna mann í miðstjórn í hans stað fram að næsta landsfundi.

Miðstjórnin er framkvæmdastjórn flokksins. Hún

hefir skrifstofu í Reykjavík og ræður sér framkvæmdastjóra.

4. gr.

Landsfundur skal haldinn reglulega annað hvert ár, og auk þess hvert sinn, er miðstjórn telur þess brýna þörf.

Miðstjórnin boðar fundinn, ákveður fundarstað og fundartíma, og ákveður dagskrá. Samþykki meiri hluta fundar þarf til að taka á dagskrá önnur mál en þau, sem miðstjórnin leggur fram.

Fulltrúar á landsfund skulu kosnir eftir þeim reglum, sem eru settar þar um (sbr. 5. gr.).

Á landsfundum skal ræða landsmál og flokksmál, og gera ályktanir í þeim, eftir því sem ástæða þykir til.

5. gr.

Í hverju kaupstaðarkjördæmi skal vera félag Sjálfstæðismanna, er standi opið öllum alþingiskjösendum, sem aðhyllast stefnu flokksins, og yngri Sjálfstæðismönnum, eftir því sem samþykktir hvers félags ákveða.

Stjórn félagsins stendur í sambandi við miðstjórn flokksins.

Í hverju alþingiskjördæmi, öðru en kaupstaðarkjördæmi, skal vera héraðsnefnd, sem stendur í sambandi við miðstjórn flokksins. Í héraðsnefnd á sæti a. m. k. einn fulltrúi fyrir hvern hrepp, og ákveður sá, sem skipar fulltrúana, hversu margir þeir skuli vera.

Um kosningu héraðsnefndarmanna fer sem hér segir:

- a. Þar sem til er félag Sjálfstæðismanna, er tekur yfir heilt kjördæmi, skipar stjórn þess félags héraðsnefndarmenn í fyrsta sinn. Félagið tekur síðan ákvörðun um tilhögun á tilnefningu þeirra eftirleiðis. Hafi félagið enga ákvörðun gert um þetta, skulu héraðsmenn sjálfir gangast fyrir árlegri tilnefningu samkvæmt niðurlagsákvæðum c. liðar.
- b. Þar sem til er félag Sjálfstæðismanna, sem tekur yfir einn hrepp eða einn kaupstað innan kjördæmis, og stendur opið öllum alþingiskjösendum á því svæði, sem fylgja stefnu flokksins, framkvæmir félagið kosningu héraðsnefndarmanna fyrir félagssvæðið, á þann hátt, sem félagið sjálf ákveður.
- c. Í þeim kjördæmum og hreppum, þar sem ekki er til félagsskapur skv. lið a. eða b., skipar miðstjórnin héraðsnefndarmenn í fyrsta sinn, meðan þetta skipulag er að komast í kring, en síðan gangast þeir fyrir því, að kjósendur þeir í kjördeildinni eða hreppnum, sem styðja Sjálfstæðisflokkinn, tilnefni árlega héraðsnefndarmennina.

Flokksráðsmenn skulu hver í sínu kjördæmi annast um, að þetta skipulag verði framkvæmt, og gefa miðstjórn skýrslu þar um.

Stjórn héraðsnefndar skal skipuð þrem mönnum, og er einn þeirra formaður, en að öðru leyti skiftir stjórnin með sér verkum.

Þar sem til er félag Sjálfstæðismanna, er tekur yfir heilt kjördæmi, er stjórn félagsins jafnframt stjórn héraðsnefndar, og fer þá um kosningu hennar eftir því, sem samþykktir félagsins ákveða. Í öðrum kjördæmum kýs héraðsnefndin sér sjálf stjórn, en miðstjórnin skipar formann, til þess að gegna störfum, þar til nefndin hefir komið saman á fund, og sjálf kosið formann.

Héraðsnefnd tilnefnir mann eða menn í flokksráð fyrir kjördæmið (sbr. 1. gr.), svo og fulltrúa á landsfund (sbr. 4. gr.), einn fyrir hverja 200 kjósendur flokksins við síðustu alþingiskosningar, þó aldrei færri en tvo fyrir hvert kjördæmi. Í kaupstaðarkjördæmum koma kjósendafélög að öllu í stað héraðsnefnda.

6. gr.

Formaður skal kalla héraðsnefnd saman til funda, a. m. k. einu sinni á ári.

Stjórnir kjördæmafélaga og héraðsnefnda skulu afla þeirra upplýsinga, sem miðstjórnin óskar að fá úr kjördæminu. Þær skulu og koma erindum miðstjórnarinnar áleiðis til héraðsnefndarmanna, þegar þess er óskað. Þær afgreiða flokksmálefni af félagssvæðinu til miðstjórnarinnar. Einnig skulu þær sjá um, að haldið sé uppi sókn og vörn fyrir flokkinn á landsmálafundum, sem haldnir eru í kjördæminu, og skulu ráðgast um það við miðstjórnina, ef þurfa þykir.

Héraðsnefndarmenn í hverjum hreppi skulu sérstaklega leggja stund á að afla stefnu flokksins fylgis

meðal kjósenda í sínum hreppum. Þeir skulu og hvert sinn, er ný kjörskrá er samin fyrir hreppinn, útvega afrit af henni og merkja það eftir afstöðu hvers kjósenda í landsmálum, svo nákvæmlega, sem unnt er. Senda hana síðan formanni héraðsnefndar, eða félags, ef félag er til, sem nær yfir allt kjördæmið, en formaður sendir það til miðstjórnar flokksins, eða afrit af því.

Héraðsnefnd skal, í samráði við sem flesta kjósendur í kjördæminu, og með samþykki miðstjórnar, tilnefna frambjóðanda eða frambjóðendur flokksins fyrir kjördæmið við kosningar til alþingis. Ef ekki næst samkomulag um það fyrirfram, skal fram fara prófkosning, leynileg, meðal kjósenda flokksins í kjördæminu, og verður sá frambjóðandi, er þar hlýtur meiri hluta atkvæði.

7. gr.

Þar, sem ástæða þykir til, og staðhættir leyfa, geta kjósendafélög og héraðsnefndir flokksins gert með sér sambönd, sem taka yfir nærliggjandi kjördæmi, til þess að vinna að sameiginlegum áhugamálum og flokksmálum á því svæði. Sambandið ákveður sjálft skipun sína og starfstilhögun, og kýs sér stjórn. Stjórn sambandsins skal standa í sambandi við miðstjórn flokksins annars vegar, og við stjórnir kjósendafélaga og héraðsnefnda á sambandssvæðinu hins vegar. Þó að slíkt samband sé stofnað, standa héraðsnefndir einstakra kjördæma eftir sem áður í sambandi við miðstjórn.

8. gr.

Það skal fyrst um sinn vera aðalregla, að ráðamenn og flokksmenn Sjálfstæðisflokksins annist sjálfir öflun þess fjár, er með þarf til þess að standast kostnað af störfum fyrir flokk og þingmann (þingmannsefni) í hverju kjördæmi fyrir sig. Geta þeir með samkomulagi sín í milli, á hvern eðlilegan og nauðsynlegan hátt, útvegað sér slík fjárráð, og skulu héraðsnefndir og frambjóðendur um hverjar alþingiskosningar skipa framkvæmdum þar, er kostnaði valda, og sjá um greiðslu fyrir þær.

Flokksráð, miðstjórn og héraðsnefndir o. s. frv. vinna öll störf ókeypis, nema sérstaklega sé um samið. Svo fá og fulltrúar á landsfund ekkert kaup, nema þóknun í ferðakostnað, er héraðsnefndir sjá um, þegar nauðsyn krefur, og að svo miklu leyti, sem miðstjórnin hefir eigi yfir fé eða aðhlyningum að ráða, sem létt getur undir með þeim fulltrúum (og flokksráðsmönnum), er sækja eiga um langan veg.

Miðstjórn flokksins hefir með höndum öflun og ráðstöfun þess fjár, er nauðsyn krefur vegna almennra flokksþarfa, og setur hún með flokksráði reglur um það efni.

Bráðabirgðaákvæði.

Fram til næstu alþingiskosninga skulu þingmenn og frambjóðendur við síðustu alþingiskosningar skipa flokksráð, nema héraðsnefndir eða flokksfélag í kaupstaðarkjördæmi geri þar aðra skipun á.



Bjarni Benediktsson

**SKIPULAGSREGLUR
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS**



REYKJAVÍK 1961

REGLUR
SKIPULAGSREGLUR
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS



REYKJAVÍK 1961

REGLUR
UM
SKIPULAG SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Samþykktar 20. október 1961.

I. Um landsfund.

1. Landsfundur hefir æðsta vald í málefnum flokksins. Hann markar heildarstefnu flokksins í landsmálum og setur reglur um skipulag flokksins.
2. Landsfundur skal að jafnaði haldinn annaðhvort ár og oftár, ef miðstjórn telur þess brýna þörf. Miðstjórn boðar fundinn og ákveður fundarstað, fundartíma og dagskrá. Samþykki meiri hluta fundar þarf til þess að taka á dagskrá mál, sem miðstjórn hefir ekki lagt fyrir fundinn.
3. Landsfundur skal í aðalatriðum skipaður í samræmi við tölu Sjálfstæðiskjósenda í kjördæmum landsins. Kosningu til fundarins skal haga þannig: Hvert kjördæmi hefir rétt til að velja einn fulltrúa fyrir hverja hundrað kjósendur flokksins í því kjördæmi og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira. Ennfremur tvo fulltrúa fyrir hvert Sjálfstæðisfélag (ekki fulltrúaráð). Nái meðlimatala félags 300 hefir það rétt til að velja 3 fulltrúa og að auki einn fyrir hverja 300 félagsmenn umfram þá tölu eða helmings brot úr þeirri tölu eða meira.

Hvert Sjálfstæðisfélag kys þá sérstöku fulltrúa, er því samkvæmt framanrituðu er heimilt að velja. Fulltrúaráðin velja þá fulltrúa, sem kjósa á eftir fylgi flokksins, eftir nánari ákvörðun kjördæmisstjórnar, er skiptir fulltrúunum milli fulltrúaráða í kjördæminu í sem nánustu samræmi við fylgi flokksins á hverjum stað. Verði ágreiningur um þá skiptingu, skal miða við meðlimatölu Sjálfstæðisfélaga í hverju umdæmi. Vilji fulltrúaráð ekki una ákvörðun kjördæmisstjórnar, getur það krafizt fundar í kjördæmisráði, sem hefir endanlegt úrskurðarvald um málið. Heimilt er stjórn fulltrúaráðs að fela flokksfélögum á starfssvæðinu að velja þá fulltrúa, sem því ber að kjósa, enda sé samkomulag við stjórnir allra félaganna um skiptingu fulltrúa milli þeirra. Fulltrúar félaga skulu kosnir á almennum félagsfundum. Miðstjórn setur nánari reglur um kjör landsfundarfulltrúa og skilríki þeirra. Flokksráðsmenn eiga rétt til setu á landsfundi með fulltrúaréttindum.

II. Um flokksráð.

1. Flokksráð markar stjórnmalastefnu flokksins, ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar. Ekki má taka ákvörðun um afstöðu flokksins til annarra stjórnmalaflokka, nema með samþykki flokksráðs.
2. Formaður flokksins er formaður flokksráðs og

varaformaður flokksins er varaformaður flokksráðs.

3. Flokksráð skal boðað til fundar minnst einu sinni á ári við upphaf hvers reglulegs þings eða oftari, ef formanni þykir ástæða til, eða ef 20 flokksráðsmenn eða fleiri óska þess skriflega, að ráðið sé kvatt saman til fundar.
4. Kjördæmisráð kjósa árlega í flokksráð jafnmarga fulltrúa og kjósa skal þingmenn í viðkomandi kjördæmi. Varamenn skulu kjörnir jafnmargir og má við kjör varamanns ákveða hvers varaformaður hann sé. Þingmenn og frambjóðendur í aðalsætum á framboðslista við alþingiskosningar hverju sinni eru sjálfkjörnir í flokksráð. Frambjóðandi tekur ekki sæti í flokksráði fyrr en að afloknum kosningum, hafi hann ekki átt þar sæti áður. Meðlimir miðstjórnar, fjármálaráðs og skipulagsnefndar eiga sæti í flokksráði. Ennfremur fyrrverandi miðstjórnarmenn. Landssamtökum innan vébanda flokksins er heimilt að tilnefna hvert um sig þrjá menn í flokksráð.

III. Um þingflokkinn.

1. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins mynda þingflokkinn.
2. Þingflokkurinn tekur ákvarðanir um afstöðu flokksins á Alþingi. Að meginstefnu er þingflokkurinn bundinn af ákvörðunum landsfundar og

flokksráðs, en markar stefnu flokksins að öðru leyti í samráði við miðstjórn.

3. Þingflokkurinn kýs sér að afloknum hverjum alþingiskosningum formann, varaformann og ritara.

IV. Um miðstjórn.

1. Framkvæmdastjórn flokksins er í höndum miðstjórnar. Hún hefir úrskurðarvald um allar framkvæmdir á vegum flokksins, hefir umráð eigna hans og gætir þess, að skipulagsreglum hans sé fylgt. Miðstjórn semur árlega skýrslu um starf flokksins og leggur hana fyrir flokksráðsfund til umræðu. Miðstjórn fjallar árlega um reikninga flokksins, sem fjármálaráð skal bera undir hana til samþykktar. Ákvörðunum miðstjórnar má skjóta til flokksráðs og síðar landsfundar.
2. Ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar eða flokksráðs um pólitíska afstöðu flokksins og ekki er unnt að koma því við, að þessir aðilar taki afstöðu til mála, sem skyndilega bera að höndum, skal miðstjórn fjalla um þau og getur hún þá markað hina pólitísku afstöðu flokksins.
3. Miðstjórn er þannig skipuð: Landsfundur kýs formann flokksins og varaformann, sem sjálfkjörnir skulu í miðstjórn. Þá kýs fundurinn 5 menn til viðbótar í miðstjórnina, en síðan kýs flokksráð 2 menn. Sjálfkjörnir eru í miðstjórn formenn landssamtaka innan flokksins, sem stofnuð eru

og starfrækt samkvæmt skipulagsreglum hans. Deyi miðstjórnarmaður eða forfallist kýs flokksráð annan í hans stað.

4. Miðstjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins. Aðalskrifstofa miðstjórnar skal vera í Reykjavík, en sett getur miðstjórn upp flokkskrifstofur á sínum vegum víðar um land. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins og forstöðumenn miðstjórnarskrifstofa út um land og erindreka í samráði við miðstjórn og skipulagsnefnd. Um val forstöðumanna miðstjórnarskrifstofa utan Reykjavíkur skal hafa samráð við viðkomandi kjördæmisstjórnir.

V. Um skipulagsnefnd.

1. Skipulagsnefnd annast framkvæmd á skipulagsreglum flokksins og stjórnar og skipuleggur útbreiðslustarfsemi hans, í samráði við miðstjórn. Nefndin fylgist í umboði miðstjórnar með skipulagslegu starfi flokkskerfisins og hefir beinan aðgang að kjördæmisstjórnnum, félagsstjórnnum og fulltrúaráðum og landssamtökum varðandi þau mál og gerir eftir atvikum tillögur til miðstjórnar um skipulagslega starfstilhögun flokksamtakanna.
2. Miðstjórn getur falið skipulagsnefnd önnur verkefni, sem eru innan verksviðs miðstjórnar.
3. Skipulagsnefnd er skipuð 11 mönnum. Miðstjórn

skipar skipulagsnefnd að loknum hverjum almennum þingkosningum.

4. Miðstjórn skipar formann skipulagsnefndar, en nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Nefndin getur skipað menn utan nefndar í undirnefndir til athugunar á tilteknum málum.

VI. Um fjármálaráð.

1. Miðstjórn skipar 11 manna fjármálaráð, sem hefir með höndum fjármál flokksins. Stjórn fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík er heimilt að skipa einn mann í fjármálaráð.
2. Miðstjórn skipar formann fjármálaráðs, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum.
3. Miðstjórn setur fjármálaráði starfsreglur. Fjármálaráð skal skipað að loknum hverjum almennum þingkosningum.

VII. Um formannaráðstefnur.

1. Haldin skal ráðstefna formanna allra Sjálfstæðisfélaga og annarra flokkssamtaka þau ár, sem landsfundur er ekki haldinn. Miðstjórn kveður formannaráðstefnu saman og ákveður dagskrá hennar.
2. Á formannaráðstefnum skal fyrst og fremst ræða skipulags- og útbreiðslumál.
3. Heimilt er miðstjórn að fella saman flokksráðsfund og formannaráðstefnu. Ekki getur slík ráð-

stefna gert ályktanir um mál, sem sérstaklega eru fengin flokksráði til ákvörðunar, skv. skipulagsreglum.

VIII. Um flokksskipulag í kjördæmum.

A. Flokksfélög.

a.

1. Félag skal ná yfir hrepp, einn eða fleiri innan sama kjördæmis, eða kaupstað.
2. Ekki má stofna fleiri en eitt félag sömu tegundar á sama félagssvæði.

b.

Heimilt er að stofna eftirtaldar tegundir félaga:

1. Almennt félag Sjálfstæðisfólks.
2. Félag ungs Sjálfstæðisfólks (þ. e. 16—35 ára).
3. Félag Sjálfstæðiskvenna.
4. „Félag Sjálfstæðislaunþega“ (þ. e. félag Sjálfstæðisfólks innan launþegasamtakanna).

c.

Til þess að félag njóti réttinda innan Sjálfstæðisflokksins þarf það að hafa minnst 20 fullgilda félagsmenn og lög þess að hafa öðlzt staðfestingu kjördæmisstjórnar. Félag þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði til að halda réttindum sínum:

1. Að fylgja skipulagsreglum flokksins að dómi miðstjórnar.
2. Að halda aðalfund á ári hverju.
3. Að senda kjördæmisstjórn árlega skýrslu um starfsemi félagsins.
4. Að greiða árgjald í kjördæmissjóð fyrir hvern fullgildan félagsmann eftir nánari ákvörðun kjördæmisráðs og fjármálanefndar kjördæmisins. Með skilagrein hvers félags skal fylgja skrá yfir þá félagsmenn, sem greitt hafa árstíllag til félagsins.

d.

Sjálfstæðisfélag eða Sjálfstæðisfélög, sem eru innan sama sveitarfélags, utan kaupstaðar, skulu ákveða framboð flokksins til sveitarstjórnarkosninga, en í kaupstöðum skulu framboð ákveðin af fulltrúaráðunum.

B. Fulltrúaráð.

1. Sjálfstæðisfélög í hverjum kaupstað og sýslu mynda sameiginlegt fulltrúaráð, sem fer með stjórn sameiginlegra mála félaganna. Heimilt er að miða starfssvæði fulltrúaráðs við önnur staðarmörk innan kjördæmisins. Í Reykjavík fer fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna með mál þess kjördæmis. Ákvæði 2.—4. tölul. ná ekki til fulltrúaráðsins í Reykjavík.
2. Fulltrúaráð skal skipað það mörgum mönnum, að

- svari til eins fulltrúa fyrir hverja 100 íbúa lögsagnarumdæmisins. Meðlimir fulltrúaráðs skulu þó aldrei vera færri en 12 og eigi fleiri en 40, að viðbættum formönnum allra Sjálfstæðisfélaga á starfssvæðinu. Í sýslu skulu fulltrúaráðsmenn eigi vera færri en svari tveimur fulltrúum fyrir hvern hrepp. Eigi er þó nauðsynlegt að fulltrúar skiptist nákvæmlega þannig milli hreppa, ef heppilegra þykir að velja þá á annan hátt. Í sérlögum fulltrúaráðs er heimilt að ákveða aðra tölu fulltrúaráðsmanna en hér greinir, en við kjör til kjördæmisráðs og atkvæðagreiðslu um sameiginleg mál kjördæmisins, sem fulltrúaráðum er ætlað að taka ákvörðun um, skulu atkvæði takmörkuð við þá tölu fulltrúaráðsmanna, sem hér er ákveðin.
3. Þar sem fleiri en eitt félag er í sýslu eða kaupstað, velja þau í fulltrúaráð í hlutfalli við meðlimatölu, en heimilt er þeim að semja um önnur hlutföll í skiptingu fulltrúa milli félaganna.
 4. Fulltrúaráð skal kosið árlega. Stjórn fulltrúaráðs fylgist með því, að félögin kjósi reglulega fulltrúa sína í ráðið og endurskoðar árlega skiptingu fulltrúa milli félaganna í samræmi við meðlimatölu þeirra. Er stjórnnum félaganna skylt að gefa stjórn fulltrúaráðs nákvæmar upplýsingar um félagatölu.
 5. Hvert fulltrúaráð setur sér nánari starfsreglur, þar sem m. a. séu ákvæði um stjórn ráðsins. Ekki mega starfsreglur fulltrúaráðsins brjóta í bága við skipulagsreglur flokksins. Meðan aðeins eitt

Sjálfstæðisfélag er starfandi í kaupstað eða sýslu, er stjórn þess jafnframt stjórn fulltrúaráðs og takmarkast tala kjörinna fulltrúaráðsmanna í samræmi við það, sbr. þó 2. tölulið.

C. Kjördæmisráð.

1. Kjördæmisráð fer með sameiginleg flokksmál í hverju kjördæmi.
2. Fulltrúaráð kjósa hvert um sig fulltrúa í kjördæmisráð, einn fulltrúa fyrir hverja 10 fulltrúaráðsmeðlimi eða brot úr þeirri tölu. Að auki kjósa félögin í kjördæmisráð sem svarar einum fulltrúa fyrir hverja 50 meðlimi Sjálfstæðisfélaga í umdæminu, í réttu hlutfalli við félagatölu. Stjórn fulltrúaráðs skiptir fulltrúum milli félaganna eftir þessari reglu. Vilji félögin ekki una þeirri skiptingu, geta þau lagt ágreininginn undir úrskurð almenns fundar í fulltrúaráðinu, en síðar má skjóta málinu til kjördæmisráðs, sem hefir endanlegt úrskurðarvald.
3. Kjördæmisráð skal koma saman til fundar minnst einu sinni á ári.
4. Kjördæmisráð kýs fimm manna kjördæmisstjórn og hefir ennfremur heimild til að skipa skipulagsnefnd, fjármálanefnd, blaðaútgáfunefnd og aðrar nefndir, sem hún telur ástæðu til.
5. Kjördæmisstjórn ber gagnvart miðstjórn ábyrgð á því, að flokkskerfið í viðkomandi kjördæmi sé í samræmi við skipulagsreglur flokksins. Kjör-

- dæmisstjórn fylgist með því, að fulltrúaráðin kjósi reglulega fulltrúa í kjördæmisráð. Er stjórnnum fulltrúaráða og flokksfélaga skylt að gefa kjördæmisráði upplýsingar um félagatölu og önnur þau atriði, sem kjördæmastjórn er nauðsynlegt að vita um, til þess að geta gegnt hlutverki sínu.
6. Kjördæmisráð skal kosið árlega.

IX. Um trúnaðarmenn.

Fulltrúaráðsmenn um land allt eru á hverjum tíma trúnaðarmenn miðstjórnar flokksins.

X. Um þingframboð.

1. Kjördæmisráð ákveður framboðslista flokksins við kosningar til Alþingis. Þegar ákveða skal framboð, skal til þess fundar boðað á þann hátt, að allir ráðsmenn fái örugglega vitneskju um fundinn og dagskrá hans með minnst viku fyrirvara. Til þess að listi sé lögnætur, þarf meiri hluti fundarmanna að gjalda honum jákvæði. Skylt er að hafa leynilega atkvæðagreiðslu, ef þess er óskað.
2. Staðfestingar miðstjórnar þarf á framboðslista, svo að hann verði fram borinn í nafni flokksins.

XI. Um samtök ungra Sjálfstæðismanna.

Samband ungra Sjálfstæðismanna fer með yfirstjórn félagsmála ungra Sjálfstæðismanna innan

vébanda flokksins. Sambandið setur sér sjálfst starfsreglur.

XII. Um verkalýðsráð.

Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins fer með yfirstjórn málefna félagssamtaka launþega innan vébanda flokksins. Reglur um starfsemi verkalýðsráðs og skipulag launþegasamtaka flokksins skulu settar af fulltrúasamkomu samtakanna.

XIII. Um samtök Sjálfstæðiskvenna.

Landssamband Sjálfstæðiskvenna fer með yfirstjórn félagsmála kvenfélaga innan vébanda flokksins. Landssambandið setur sér sjálfst starfsreglur.

XIV. Almenn ákvæði.

1. Starfsreglur sérsambanda innan flokksins og allra flokksamtaka skulu fá staðfestingu miðstjórnar.
2. Landsfundur einn hefir vald til þess að breyta skipulagsreglum flokksins, en veitt getur landsfundur miðstjórn eða flokksráði leyfi til bráðabirgðabreytinga milli landsfunda.
3. Sérsambönd teljast Samband ungra Sjálfstæðismanna, Landssamband Sjálfstæðiskvenna og verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins. Önnur sérsam-

bönd verða ekki mynduð nema með samþykki landsfundar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjörnir meðlimir flokksráðs skulu halda núverandi umboði sínu sem flokksráðsmenn, þar til kosið hefir verið í ráðið samkvæmt hinum nýju skipulagsreglum.

**SKIPULAGSREGLUR
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS**



REYKJAVÍK 1961

REGLUR
SKIPULAGSREGLUR
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS



REYKJAVÍK 1961

REGLUR
UM
SKIPULAG SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Samþykktar 20. október 1961.

I. Um landsfund.

1. Landsfundur hefir æðsta vald í málefnum flokksins. Hann markar heildarstefnu flokksins í landsmálum og setur reglur um skipulag flokksins.
2. Landsfundur skal að jafnaði haldinn annaðhvort ár og oftár, ef miðstjórn telur þess brýna þörf. Miðstjórn boðar fundinn og ákveður fundarstað, fundartíma og dagskrá. Samþykki meiri hluta fundar þarf til þess að taka á dagskrá mál, sem miðstjórn hefir ekki lagt fyrir fundinn.
3. Landsfundur skal í aðalatriðum skipaður í samræmi við tölu Sjálfstæðiskjósenda í kjördæmum landsins. Kosningu til fundarins skal haga þannig: Hvert kjördæmi hefir rétt til að velja einn fulltrúa fyrir hverja hundrað kjósendur flokksins í því kjördæmi og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira. Ennfremur tvo fulltrúa fyrir hvert Sjálfstæðisfélag (ekki fulltrúaráð). Nái meðlimatala félags 300 hefir það rétt til að velja 3 fulltrúa og að auki einn fyrir hverja 300 félagsmenn umfram þá tölu eða helmings brot úr þeirri tölu eða meira.

Hvert Sjálfstæðisfélag kys þá sérstöku fulltrúa, er því samkvæmt framanrituðu er heimilt að velja. Fulltrúaráðin velja þá fulltrúa, sem kjósa á eftir fylgi flokksins, eftir nánari ákvörðun kjördæmisstjórnar, er skiptir fulltrúunum milli fulltrúaráða í kjördæminu í sem nánustu samræmi við fylgi flokksins á hverjum stað. Verði ágreiningur um þá skiptingu, skal miða við meðlimatölu Sjálfstæðisfélaga í hverju umdæmi. Vilji fulltrúaráð ekki una ákvörðun kjördæmisstjórnar, getur það krafizt fundar í kjördæmisráði, sem hefir endanlegt úrskurðarvald um málið. Heimilt er stjórn fulltrúaráðs að fela flokksfélögum á starfssvæðinu að velja þá fulltrúa, sem því ber að kjósa, enda sé samkomulag við stjórnir allra félaganna um skiptingu fulltrúa milli þeirra. Fulltrúar félaga skulu kosnir á almennum félagsfundum. Miðstjórn setur nánari reglur um kjör landsfundarfulltrúa og skilríki þeirra. Flokksráðsmenn eiga rétt til setu á landsfundi með fulltrúaréttindum.

II. Um flokksráð.

1. Flokksráð markar stjórnmalastefnu flokksins, ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar. Ekki má taka ákvörðun um afstöðu flokksins til annarra stjórnmalaflokka, nema með samþykki flokksráðs.
2. Formaður flokksins er formaður flokksráðs og

varaformaður flokksins er varaformaður flokksráðs.

3. Flokksráð skal boðað til fundar minnst einu sinni á ári við upphaf hvers reglulegs þings eða oftar, ef formanni þykir ástæða til, eða ef 20 flokksráðsmenn eða fleiri óska þess skriflega, að ráðið sé kvatt saman til fundar.
4. Kjördæmisráð kjósa árlega í flokksráð jafnmarga fulltrúa og kjósa skal þingmenn í viðkomandi kjördæmi. Varamenn skulu kjörnir jafnmargir og má við kjör varamanns ákveða hvers vara- maður hann sé. Þingmenn og frambjóðendur í aðalsætum á framboðslista við alþingiskosning- ar hverju sinni eru sjálfkjörnir í flokksráð. Fram- bjóðandi tekur ekki sæti í flokksráði fyrr en að afloknum kosningum, hafi hann ekki átt þar sæti áður. Meðlimir miðstjórnar, fjármálaráðs og skipulagsnefndar eiga sæti í flokksráði. Ennfrem- ur fyrrverandi miðstjórnarmenn. Landssamtök- um innan vébanda flokksins er heimilt að tilnefna hvert um sig þrjá menn í flokksráð.

III. Um þingflokkinn.

1. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins mynda þingflokkinn.
2. Þingflokkurinn tekur ákvarðanir um afstöðu flokksins á Alþingi. Að meginstefnu er þingflokkurinn bundinn af ákvörðunum landsfundar og

flokksráðs, en markar stefnu flokksins að öðru leyti í samráði við miðstjórn.

3. Þingflokkurinn kýs sér að afloknum hverjum alþingiskosningum formann, varaformann og ritara.

IV. Um miðstjórn.

1. Framkvæmdastjórn flokksins er í höndum miðstjórnar. Hún hefir úrskurðarvald um allar framkvæmdir á vegum flokksins, hefir umráð eigna hans og gætir þess, að skipulagsreglum hans sé fylgt. Miðstjórn semur árlega skýrslu um starf flokksins og leggur hana fyrir flokksráðsfund til umræðu. Miðstjórn fjallar árlega um reikninga flokksins, sem fjármálaráð skal bera undir hana til samþykktar. Ákvörðunum miðstjórnar má skjóta til flokksráðs og síðar landsfundar.
2. Ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar eða flokksráðs um pólitíska afstöðu flokksins og ekki er unnt að koma því við, að þessir aðilar taki afstöðu til mála, sem skyndilega bera að höndum, skal miðstjórn fjalla um þau og getur hún þá markað hina pólitísku afstöðu flokksins.
3. Miðstjórn er þannig skipuð: Landsfundur kýs formann flokksins og varaformann, sem sjálfkjörnir skulu í miðstjórn. Þá kýs fundurinn 5 menn til viðbótar í miðstjórnina, en síðan kýs flokksráð 2 menn. Sjálfkjörnir eru í miðstjórn formenn landssamtaka innan flokksins, sem stofnuð eru

og starfrækt samkvæmt skipulagsreglum hans. Deyi miðstjórnarmaður eða forfallist kýs flokksráð annan í hans stað.

4. Miðstjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins. Aðalskrifstofa miðstjórnar skal vera í Reykjavík, en sett getur miðstjórn upp flokksskrifstofur á sínum vegum víðar um land. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins og forstöðumenn miðstjórnarskrifstofa út um land og erindreka í samráði við miðstjórn og skipulagsnefnd. Um val forstöðumanna miðstjórnarskrifstofa utan Reykjavíkur skal hafa samráð við viðkomandi kjördæmisstjórnir.

V. Um skipulagsnefnd.

1. Skipulagsnefnd annast framkvæmd á skipulagsreglum flokksins og stjórnar og skipuleggur útbreiðslustarfsemi hans, í samráði við miðstjórn. Nefndin fylgist í umboði miðstjórnar með skipulagslegu starfi flokkskerfisins og hefir beinan aðgang að kjördæmisstjórnnum, félagsstjórnnum og fulltrúaráðum og landssamtökum varðandi þau mál og gerir eftir atvikum tillögur til miðstjórnar um skipulagslega starfstilhögun flokkssamtakanna.
2. Miðstjórn getur falið skipulagsnefnd önnur verkefni, sem eru innan verksviðs miðstjórnar.
3. Skipulagsnefnd er skipuð 11 mönnum. Miðstjórn

skipar skipulagsnefnd að loknum hverjum almennum þingkosningum.

4. Miðstjórn skipar formann skipulagsnefndar, en nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Nefndin getur skipað menn utan nefndar í undirnefndir til athugunar á tilteknum málum.

VI. Um fjármálaráð.

1. Miðstjórn skipar 11 manna fjármálaráð, sem hefir með höndum fjármál flokksins. Stjórn fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík er heimilt að skipa einn mann í fjármálaráð.
2. Miðstjórn skipar formann fjármálaráðs, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum.
3. Miðstjórn setur fjármálaráði starfsreglur. Fjármálaráð skal skipað að loknum hverjum almennum þingkosningum.

VII. Um formannaráðstefnur.

1. Haldin skal ráðstefna formanna allra Sjálfstæðisfélaga og annarra flokkssamtaka þau ár, sem landsfundur er ekki haldinn. Miðstjórn kveður formannaráðstefnu saman og ákveður dagskrá hennar.
2. Á formannaráðstefnum skal fyrst og fremst ræða skipulags- og útbreiðslumál.
3. Heimilt er miðstjórn að fella saman flokksráðsfund og formannaráðstefnu. Ekki getur slík ráð-

stefna gert ályktanir um mál, sem sérstaklega eru fengin flokksráði til ákvörðunar, skv. skipulagsreglum.

VIII. Um flokksskipulag í kjördæmum.

A. Flokksfélög.

a.

1. Félag skal ná yfir hrepp, einn eða fleiri innan sama kjördæmis, eða kaupstað.
2. Ekki má stofna fleiri en eitt félag sömu tegundar á sama félagssvæði.

b.

Heimilt er að stofna eftirtaldar tegundir félaga:

1. Almennt félag Sjálfstæðisfólks.
2. Félag ungs Sjálfstæðisfólks (þ. e. 16—35 ára).
3. Félag Sjálfstæðiskvenna.
4. „Félag Sjálfstæðislaunþega“ (þ. e. félag Sjálfstæðisfólks innan launþegasamtakanna).

c.

Til þess að félag njóti réttinda innan Sjálfstæðisflokksins þarf það að hafa minnst 20 fullgilda félagsmenn og lög þess að hafa öðlazzt staðfestingu kjördæmisstjórnar. Félag þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði til að halda réttindum sínum:

1. Að fylgja skipulagsreglum flokksins að dómi miðstjórnar.
2. Að halda aðalfund á ári hverju.
3. Að senda kjördæmisstjórn árlega skýrslu um starfsemi félagsins.
4. Að greiða árgjald í kjördæmissjóð fyrir hvern fullgildan félagsmann eftir nánari ákvörðun kjördæmisráðs og fjármálanefndar kjördæmisins. Með skilagrein hvers félags skal fylgja skrá yfir þá félagsmenn, sem greitt hafa árstíllag til félagsins.

d.

Sjálfstæðisfélag eða Sjálfstæðisfélög, sem eru innan sama sveitarfélags, utan kaupstaðar, skulu ákveða framboð flokksins til sveitarstjórnarkosninga, en í kaupstöðum skulu framboð ákveðin af fulltrúaráðunum.

B. Fulltrúaráð.

1. Sjálfstæðisfélög í hverjum kaupstað og sýslu mynda sameiginlegt fulltrúaráð, sem fer með stjórn sameiginlegra mála félaganna. Heimilt er að miða starfssvæði fulltrúaráðs við önnur staðarmörk innan kjördæmisins. Í Reykjavík fer fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna með mál þess kjördæmis. Ákvæði 2.—4. tölul. ná ekki til fulltrúaráðsins í Reykjavík.
2. Fulltrúaráð skal skipað það mörgum mönnum, að

svari til eins fulltrúa fyrir hverja 100 íbúa lög-sagnarumdæmisins. Meðlimir fulltrúaráðs skulu þó aldrei vera færri en 12 og eigi fleiri en 40, að viðbættum formönnum allra Sjálfstæðisfélaga á starfssvæðinu. Í sýslu skulu fulltrúaráðsmenn eigi vera færri en svari tveimur fulltrúum fyrir hvern hrepp. Eigi er þó nauðsynlegt að fulltrúar skiptist nákvæmlega þannig milli hreppa, ef heppilegra þykir að velja þá á annan hátt. Í sérlögum fulltrúaráðs er heimilt að ákveða aðra tölu fulltrúaráðsmanna en hér greinir, en við kjör til kjördæmisráðs og atkvæðagreiðslu um sameiginleg mál kjördæmisins, sem fulltrúaráðum er ætlað að taka ákvörðun um, skulu atkvæði takmörkuð við þá tölu fulltrúaráðsmanna, sem hér er ákveðin.

3. Þar sem fleiri en eitt félag er í sýslu eða kaupstað, velja þau í fulltrúaráð í hlutfalli við meðlimatölu, en heimilt er þeim að semja um önnur hlutföll í skiptingu fulltrúa milli félaganna.
4. Fulltrúaráð skal kosið árlega. Stjórn fulltrúaráðs fylgist með því, að félögin kjósi reglulega fulltrúa sína í ráðið og endurskoðar árlega skiptingu fulltrúa milli félaganna í samræmi við meðlimatölu þeirra. Er stjórnnum félaganna skylt að gefa stjórn fulltrúaráðs nákvæmar upplýsingar um félagatölu.
5. Hvert fulltrúaráð setur sér nánari starfsreglur, þar sem m. a. séu ákvæði um stjórn ráðsins. Ekki mega starfsreglur fulltrúaráðsins brjóta í bága við skipulagsreglur flokksins. Meðan aðeins eitt

Sjálfstæðisfélag er starfandi í kaupstað eða sýslu, er stjórn þess jafnframt stjórn fulltrúaráðs og takmarkast tala kjörinna fulltrúaráðsmanna í samræmi við það, sbr. þó 2. tölulið.

C. Kjördæmisráð.

1. Kjördæmisráð fer með sameiginleg flokksmál í hverju kjördæmi.
2. Fulltrúaráð kjósa hvert um sig fulltrúa í kjördæmisráð, einn fulltrúa fyrir hverja 10 fulltrúaráðsmeðlimi eða brot úr þeirri tölu. Að auki kjósa félögin í kjördæmisráð sem svarar einum fulltrúa fyrir hverja 50 meðlimi Sjálfstæðisfélaga í umdæminu, í réttu hlutfalli við félagatölu. Stjórn fulltrúaráðs skiptir fulltrúum milli félaganna eftir þessari reglu. Vilji félögin ekki una þeirri skiptingu, geta þau lagt ágreininginn undir úrskurð almenns fundar í fulltrúaráðinu, en síðar má skjóta málinu til kjördæmisráðs, sem hefir endanlegt úrskurðarvald.
3. Kjördæmisráð skal koma saman til fundar minnst einu sinni á ári.
4. Kjördæmisráð kys fimm manna kjördæmisstjórn og hefir ennfremur heimild til að skipa skipulagsnefnd, fjármálanefnd, blaðaútgáfunefnd og aðrar nefndir, sem hún telur ástæðu til.
5. Kjördæmisstjórn ber gagnvart miðstjórn ábyrgð á því, að flokkskerfið í viðkomandi kjördæmi sé í samræmi við skipulagsreglur flokksins. Kjör-

- dæmisstjórn fylgist með því, að fulltrúaráðin kjósi reglulega fulltrúa í kjördæmisráð. Er stjórnun fulltrúaráða og flokksfélaga skylt að gefa kjördæmisráði upplýsingar um félagatölu og önnur þau atriði, sem kjördæmastjórn er nauðsynlegt að vita um, til þess að geta gegnt hlutverki sínu.
6. Kjördæmisráð skal kosið árlega.

IX. Um trúnaðarmenn.

Fulltrúaráðsmenn um land allt eru á hverjum tíma trúnaðarmenn miðstjórnar flokksins.

X. Um þingframboð.

1. Kjördæmisráð ákveður framboðslista flokksins við kosningar til Alþingis. Þegar ákveða skal framboð, skal til þess fundar boðað á þann hátt, að allir ráðsmenn fái örugglega vitneskju um fundinn og dagskrá hans með minnst viku fyrirvara. Til þess að listi sé lögnætur, þarf meiri hluti fundarmanna að gjalda honum jákvæði. Skylt er að hafa leynilega atkvæðagreiðslu, ef þess er óskað.
2. Staðfestingar miðstjórnar þarf á framboðslista, svo að hann verði fram borinn í nafni flokksins.

XI. Um samtök ungra Sjálfstæðismanna.

Samband ungra Sjálfstæðismanna fer með yfirstjórn félagsmála ungra Sjálfstæðismanna innan

vébanda flokksins. Sambandið setur sér sjálft starfsreglur.

XII. Um verkalýðsráð.

Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins fer með yfirstjórn málefna félagssamtaka launþega innan vébanda flokksins. Reglur um starfsemi verkalýðsráðs og skipulag launþegasamtaka flokksins skulu settar af fulltrúasamkomu samtakanna.

XIII. Um samtök Sjálfstæðiskvenna.

Landssamband Sjálfstæðiskvenna fer með yfirstjórn félagsmála kvenfélaga innan vébanda flokksins. Landssambandið setur sér sjálft starfsreglur.

XIV. Almenn ákvæði.

1. Starfsreglur sérsambanda innan flokksins og allra flokkssamtaka skulu fá staðfestingu miðstjórnar.
2. Landsfundur einn hefir vald til þess að breyta skipulagsreglum flokksins, en veitt getur landsfundur miðstjórn eða flokksráði leyfi til bráðabirgðabreytinga milli landsfunda.
3. Sérsambönd teljast Samband ungra Sjálfstæðismanna, Landssamband Sjálfstæðiskvenna og verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins. Önnur sérsam-

bönd verða ekki mynduð nema með samþykki landsfundar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kjörnir meðlimir flokksráðs skulu halda núverandi umboði sínu sem flokksráðsmenn, þar til kosið hefir verið í ráðið samkvæmt hinum nýju skipulagsreglum.

Breytingar á reglum um skipulag
Sjálfstæðisflokksins frá 20. október
1961 samþykktar 25. apríl 1965:

1. Við IV. 3. Um miðstjórn:

Greinin orðist svo:

Miðstjórn er þannig skipuð: Landsfundur kýs formann flokksins og varaformann, sem sjálfkjörnir skulu í miðstjórn. Þá kýs fundurinn 7 menn til viðbótar í miðstjórnina. Sjálfkjörnir eru í miðstjórn formenn landssamtaka innan flokksins, sem stofnuð eru og starfrækt samkvæmt skipulagsreglum hans. Deyi miðstjórnarmaður eða forfallist kýs flokksráð annan í hans stað.

2. Við VI. 1. Um fjármálaráð:

Í stað 11 komi 14.

Breytingar á reglum um skipulag
Sjálfstæðisflokksins frá 20. október
1961 samþykktar 25. apríl 1965:

1. Við IV. 3. Um miðstjórn:

Greinin orðist svo:

Miðstjórn er þannig skipuð:
Landsfundur kýs formann flokks-
ins og varaformann, sem sjálf-
kjörnir skulu í miðstjórn. Þá
kýs fundurinn 7 menn til við-
bótar í miðstjórnina. Sjálf-
kjörnir eru í miðstjórn formenn
landssamtaka innan flokksins,
sem stofnuð eru og starfrækt
samkvæmt skipulagsreglum hans.
Deyi miðstjórnarmaður eða for-
fallist kýs flokksráð annan í
hans stað.

2. Við VI. 1. Um fjármálaráð:

Í stað 11 komi 14.

REGLUR
SKIPULAGSREGLUR
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS



REYKJAVÍK 1961

REGLUR
UM
SKIPULAG SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Samþykktar 20. október 1961.

I. Um landsfund.

1. Landsfundur hefir æðsta vald í málefnum flokksins. Hann markar heildarstefnu flokksins í landsmálum og setur reglur um skipulag flokksins.
2. Landsfundur skal að jafnaði haldinn annaðhvort ár og oftar, ef miðstjórn telur þess brýna þörf. Miðstjórn boðar fundinn og ákveður fundarstað, fundartíma og dagskrá. Samþykki meiri hluta fundar þarf til þess að taka á dagskrá mál, sem miðstjórn hefir ekki lagt fyrir fundinn.
3. Landsfundur skal í aðalatriðum skipaður í samræmi við tölu Sjálfstæðiskjósenda í kjördæmum landsins. Kosningu til fundarins skal haga þannig: Hvert kjördæmi hefir rétt til að velja einn fulltrúa fyrir hverja hundrað kjósendur flokksins í því kjördæmi og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira. Ennfremur tvo fulltrúa fyrir hvert Sjálfstæðisfélag (ekki fulltrúaráð). Nái meðlimatala félags 300 hefir það rétt til að velja 3 fulltrúa og að auki einn fyrir hverja 300 félagsmenn umfram þá tölu eða helmings brot úr þeirri tölu eða meira.

Hvert Sjálfstæðisfélag kys þá sérstöku fulltrúa, er því samkvæmt framanrituðu er heimilt að velja. Fulltrúaráðin velja þá fulltrúa, sem kjósa á eftir fylgi flokksins, eftir nánari ákvörðun kjördæmisstjórnar, er skiptir fulltrúunum milli fulltrúaráða í kjördæminu í sem nánustu samræmi við fylgi flokksins á hverjum stað. Verði ágreiningur um þá skiptingu, skal miða við meðlimatölu Sjálfstæðisfélaga í hverju umdæmi. Vilji fulltrúaráð ekki una ákvörðun kjördæmisstjórnar, getur það krafizt fundar í kjördæmisráði, sem hefir endanlegt úrskurðarvald um málið. Heimilt er stjórn fulltrúaráðs að fela flokksfélögum á starfssvæðinu að velja þá fulltrúa, sem því ber að kjósa, enda sé samkomulag við stjórnir allra félaganna um skiptingu fulltrúa milli þeirra. Fulltrúar félaga skulu kosnir á almennum félagsfundum. Miðstjórn setur nánari reglur um kjör landsfundarfulltrúa og skilríki þeirra. Flokksráðsmenn eiga rétt til setu á landsfundi með fulltrúaréttindum.

II. Um flokksráð.

1. Flokksráð markar stjórnmalastefnu flokksins, ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar. Ekki má taka ákvörðun um afstöðu flokksins til annarra stjórnmalaflokka, nema með samþykki flokksráðs.
2. Formaður flokksins er formaður flokksráðs og

varaformaður flokksins er varaformaður flokksráðs.

3. Flokksráð skal boðað til fundar minnst einu sinni á ári við upphaf hvers reglulegs þings eða oftari, ef formanni þykir ástæða til, eða ef 20 flokksráðsmenn eða fleiri óska þess skriflega, að ráðið sé kvatt saman til fundar.
4. Kjördæmisráð kjósa árlega í flokksráð jafnmarga fulltrúa og kjósa skal þingmenn í viðkomandi kjördæmi. Varamenn skulu kjörnir jafnmargir og má við kjör varamanns ákveða hvers varaformaður hann sé. Þingmenn og frambjóðendur í aðalsætum á framboðslista við Alþingiskosningar hverju sinni eru sjálfkjörnir í flokksráð. Frambjóðandi tekur ekki sæti í flokksráði fyrr en að afloknum kosningum, hafi hann ekki átt þar sæti áður. Meðlimir miðstjórnar, fjármálaráðs og skipulagsnefndar eiga sæti í flokksráði. Ennfremur fyrrverandi miðstjórnarmenn. Landssamtökum innan vébanda flokksins er heimilt að tilnefna hvert um sig þrjá menn í flokksráð.

III. Um þingflokkinn.

1. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins mynda þingflokkinn.
2. Þingflokkurinn tekur ákvarðanir um afstöðu flokksins á Alþingi. Að meginstefnu er þingflokkurinn bundinn af ákvörðunum landsfundar og

flokksráðs, en markar stefnu flokksins að öðru leyti í samráði við miðstjórn.

3. Þingflokkurinn kýs sér að afloknum hverjum alþingiskosningum formann, varaformann og ritara.

IV. Um miðstjórn.

1. Framkvæmdastjórn flokksins er í höndum miðstjórnar. Hún hefir úrskurðarvald um allar framkvæmdir á vegum flokksins, hefir umráð eigna hans og gætir þess, að skipulagsreglum hans sé fylgt. Miðstjórn semur árlega skýrslu um starf flokksins og leggur hana fyrir flokksráðsfund til umræðu. Miðstjórn fjallar árlega um reikninga flokksins, sem fjármálaráð skal bera undir hana til samþykktar. Ákvörðunum miðstjórnar má skjóta til flokksráðs og síðar landsfundar.
2. Ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar eða flokksráðs um pólitíska afstöðu flokksins og ekki er unnt að koma því við, að þessir aðilar taki afstöðu til mála, sem skyndilega bera að höndum, skal miðstjórn fjalla um þau og getur hún þá markað hina pólitísku afstöðu flokksins.
3. Miðstjórn er þannig skipuð: Landsfundur kýs formann flokksins og varaformann, sem sjálfkjörnir skulu í miðstjórn. Þá kýs fundurinn 5 menn til viðbótar í miðstjórnina, en síðan kýs flokksráð 2 menn. Sjálfkjörnir eru í miðstjórn formenn landssamtaka innan flokksins, sem stofnuð eru

og starfrækt samkvæmt skipulagsreglum hans. Deyi miðstjórnarmaður eða forfallist kýs flokksráð annan í hans stað.

4. Miðstjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins. Aðalskrifstofa miðstjórnar skal vera í Reykjavík, en sett getur miðstjórn upp flokkskrifstofur á sínum vegum víðar um land. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins og forstöðumenn miðstjórnarskrifstofa út um land og erindreka í samráði við miðstjórn og skipulagsnefnd. Um val forstöðumanna miðstjórnarskrifstofa utan Reykjavíkur skal hafa samráð við viðkomandi kjördæmisstjórnir.

V. Um skipulagsnefnd.

